

júní 1923. Fundur sá, sem ákveður að slíta fjelaginu, kveður og á um, **73**
 hvernig ráðstafað skuli eignum fjelagsins og um borgun skulda. Jafn- ^{25. okt.}
 framt skal fara eftir fyrirmælum 113. gr. tjeðra laga eftir því sem við á.

28. gr.

Nú rís ágreiningur um fjelagsmálefni milli einstakra fjelaga eða milli fjelagsstjórnar og einstaks eða einstakra fjelaga, og skal þá, ef báðir aðiljar óska gjörðardóms, skorið úr slíkum ágreiningi með gjörðardómi, sem sje skipaður þrem mönnum dómkvöddum af sýslumanninum í Kjósarsýslu. Þetta nær þó eigi til sektamála, sem ræðir um í 25. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. nóvember 1928 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. okt. 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

GJALDSKRÁ

um

vatnsskatt í Vatnsveitufjelagi Skildinganeskauptúns.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum, er fá vatn leitt úr vatnsveitu fjelagsins, skal greiða vatnsskatt árlega er sje 5% — fimm af þúsundi — af fasteignarmatsverði húsanna.

Auk þessa gjalds greiðir húseigandi 3 kr. árlega fyrir hvert vatnssalerni, sem í húsinu er, og 6 kr. fyrir hvern vatnskranu utanhúss.

2. gr.

Vatnsskattur fyrir verkmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, skal venjulega ákveðinn með samningi við fjelagsstjórn-

74 25. okt ina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal hann innheimt-ur eftir mæli. Greiðist þá af ársnotkun hverri 2 — tvær — kr. fyrir hverja 10 hektólítra upp að 10 þúsund hektólítrum, en minna fyrir það, sem umfram er eftir nánari ákvörðun fjelagsstjórnarinnar og eftir því hve mikið er notað. Notandi leggur til mæli, sem fjelagsstjórn-in tekur gildan. Vatnshreyfivjelar má ekki setja í samband við vatns-æðarnar.

3. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist 2 — tvær — kr. fyrir hverja smá-lest eða hluta úr smálest, þó eigi minna en 5 kr. í hvert skifti, og greiðist gjaldið strax við vatnstökuna.

4. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaaukningu svarar, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

5. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti, öðrum en þeim, sem ræðir um í 3. gr., skal vera 1. apríl ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár. Jafnframt skal þá einnig greiddur vatnsskattur hlutfallslega fyrir þann hluta síðastliðins almanaksárs, sem notandi hefir orðið gjaldskyldur fyrir eftir gjalddaga þess árs.

Fjelagsstjórnin getur samið um annan gjalddaga á vatnsskatti samkvæmt 2. gr.

6. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann trygður með lög-veðrjetti í hlutaðeigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga með for-göngurjetti fyrir hverskonar sammingsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. nóvember 1928 og birtist til eftir-breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. okt. 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.